

Sp.

95. Tillaga til þingsályktunar

[85. mál]

um samkeppnislán til innlendrar skipasmíði.

Flm.: Ingvar Jóhannsson, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Útflutningslána-sjóður, er stofnaður var með lögum nr. 47/1970, geti tekið að sér nægjanlegar lán-veitingar til smíði fiskiskipa innanlands til þess að styrkja innlenda skipasmíði í samkeppni við innflutning skipa erlendis frá. Lán þessi komi til viðbótar lánum Fiskveiðasjóðs og Atvinnuþrófnarsjóðs, þannig að lánskjörin verði ekki síðri en leyfð eru við kaup á fiskiskipum, sem smíðuð eru erlendis.

Greinargerð.

Þegar Útflutningslána-sjóður hóf starfsemi sína á árinu 1970, var ekki gert ráð fyrir, að hann þyrfti fyrst í stað að veita lán til fiskiskipa, er smíðuð eru innan-lands. Ástæðan fyrir þessu var sú, að samkvæmt þeim reglum, er þá voru í gildi um erlendar lántökur, voru lánveitingar Fiskveiðasjóðs og Atvinnuþrófnarsjóðs nægi-lega háar til þess, að innlendar skipasmíðastöðvar gætu staðizt samkeppni erlendis frá í þessu efni. Ríkisstjórnin hefur nú lagt til, að ríkisábyrgð verði veitt fyrir er- lendum lánum, sem umfram eru væntanleg lán Fiskveiðasjóðs, allt upp í 80% af kaupverði fiskiskipa, og þau erlendu lán síðan lengd með innlendu láni allt til 18 ára. Íslenskar skipasmíðastöðvar geta, eins og nú hagar til, ekki boðið sams konar kjör og standa því höllum fæti í samkeppni við erlenda aðila. Hér er því lagt til, að ríkisstjórninni sé falið að hlutast til um, að Útflutningslána-sjóður hafi getu til að veita samkeppnislán, er jafni þennan aðstöðumun. Þetta verður að sjálfsögðu ekki kleift án sérstakra fjárhagslegra ráðstafana. Hins vegar eru ákvæði laga og reglugerðar um starfsemi sjóðsins það rúm, að breytinga á þeim er ekki þörf í þessu skyni.

Rétt er að vekja athygli á því, að álagið á Fiskveiðasjóð verður gífurlegt með miklum skipakaupum erlendis frá með lánum til 8 ára, en gert ráð fyrir því, að þau verði lengd af hálfu sjóðsins allt að 20 árum í heild. Fiskveiðasjóður yrði þá að standa straum af $\frac{1}{8}$ lánsins við fyrstu afborgun, en útgerðarmaðurinn til sjóðsins e. t. v. aðeins $\frac{1}{20}$. Hér er um annað vandamál að ræða, sem krefst sérstakrar úr- lausnar.

Til glöggvunar fylgja upplýsingar um íslenskar skipasmíðar úr ritinu „Iðn- þróunaráform“, sem iðnaðarráðuneytið gaf út í maí á þessu ári.

Fylgiskjal.

Úr „Iðnþróunaráform“ — Iðnaðarráðuneytið.

Skipasmíðar.

28. tafla sýnir þróun markaðshlutdeildarinnar í skipasmíði. Þar sem viðgerðir skipa eru verulegur hluti framleiðsluverðmætis skipasmíðastöðvar hér á landi, þótti ekki rétt að bera saman framleiðsluverðmætið annars vegar og innflutning tilbúinna skipa hins vegar. Vegna þessa voru notaðar magntölur og sýnir taflan því stærð skipa í brúttórúmllestum. Eins og sést af töflunni, er markaðshlutdeildin nokkrum sveiflum háð, sem að nokkru stafar af því, að tölur yfir framleitt magn eru miðaðar við afhent skip frá skipasmíðastöð, og svo hitt, að markaðurinn er í eðli sínu sveiflukenndur. Sé lítið á þróunina í heild, er ekki vafi á því, að um hagstæða þróun er að ræða, sem best má marka af því, að markaðshlutdeildin er miklum mun hærrí eftir árið 1965 en fyrir, að undanteknu einu ári (1968), þegar áhrif samdráttarins á sjávarútveginn fóru að segja til sín. Enginn útflutningur hefur verið hingað til, en ekki er álitíð fráleitt, að einhver útflutningur hefjist í náinni framtíð.

Athyglisvert er, að skip smíðuð innanlands eru talsvert minni en innflutt skip, sbr. tölur um fjölda skipa í svigum í 28. töflu.

28. tafla. Markaðshlutdeild í skipasmíði, 10 tonn og þar yfir.

Brúttólestir.

(Tölnar í svigum sýna fjölda skipa.)

| Ár | Framleiðslu- magn | Útfl. | Innfl. | Samtals innanl.mark. | Hlutdeild í innanl.mark. | Útfl. í % af framl.magni |
|------------|----------------------|-------|----------------|-------------------------|-----------------------------|-----------------------------|
| 1964 | 534 (7) | 0 | 12.677 (37) | 13.201 | 4.05% | 0% |
| 1965 | 145 (4) | 0 | 13.126 (18) | 13.271 | 1.09% | 0% |
| 1966 | 758 (4) | 0 | 6.980 (16) | 7.738 | 9.80% | 0% |
| 1967 | 1.584 (18) | 0 | 7.181 (24) | 8.765 | 18.07% | 0% |
| 1968 | 73 (2) | 0 | 2.276 (6) | 2.349 | 3.11% | 0% |
| 1969 | 850 (9) | 0 | 1.831 (1) | 2.681 | 31.70% | 0% |
| 1970 | 1.799 | 0 | 8.602 | 10.401 | 17.30% | 0% |

Heimildir: Verzlunarskýrslur.

Upplýsingar um framleiðslumagn eru fengnar hjá Guðjóni Tómassyni, hagræðingi hjá Meistarafél. járníðn.manna.

Tölnar eru miðaðar við skip afhent frá skipasmíðastöð.